Til aðildarsveitarfélaga EBÍ

Reykjavík, 28. október 2026

Ágóðahlutagreiðsla 2026

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ. Fulltrúaráð félagsins hefur hvatt aðildarsveitarfélögin til að nýta þetta framlag til að stuðla að bættum bruna- og forvörnum í sveitarfélögunum enda hefur það ávallt verið megintilgangur þessa framlags. Því er það afar ánægjulegt að vita til þess að á núvirði hafa verið greiddir út úr félaginu **rétt rúmir 10 milljarðar** á þessu tímabili.

Í stefnumörkum fulltrúaráðs EBÍ um útgreiðslu ágóðahlutar til aðildarsveitarfélaganna er áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafnsins skerðist við útgreiðslu.

Undanfarin ár hefur verið miðað við þá vinnureglu að miða útgreiðslu ágóðahlutar við þriggja ára meðaltal breytinga á þróun eigin fjár félagsins en þó þannig að höfuðstóll félagsins sé ekki skertur. Þá hefur stjórnin miðað við að greiða að lágmarki út kr. 50 milljónir króna.

Nú er það svo að eigið fé hefur lækkað í fjögur af síðastliðnum fimm árum, samtals um sem nemur kr. 498.345 þ.kr. Þegar horft er til síðastliðinna þriggja ára er breyting án útgreiðslu ágóðahlutar jákvæð um kr. 34.881 þ.kr. en með útgreiðslu ágóðahlutar neikvæð um kr. 115.118,7 þ.kr. Samkvæmt mati greinenda á eignastýringarmarkaði er útlit fyrir næstkomandi ár ekki sérlega hagfellt m.a. vegna þrálátrar verðbólgu. Þegar tekið er tillit til allra ofangreindra þátta var það mat stjórnar EBÍ að rétt væri að gera hlé á útgreiðslu og verður ágóðahlutur því ekki greiddur að þessu sinni.

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki verið hagfelldar síðastliðin ár en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi í brunamálum og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

Elín H. Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri EBÍ